

DV



SJÓNVARPIÐ

- 16.00 **Íþróttabátturinn.** Svipmyndir frá íþróttavíðburðum vikunnar og umfjöllun um Íslandsmót í knattspyrnu.
- 18.00 **Dvergariði (5)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikaraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
- 18.25 **Bangsí bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikaraddir Örn Arnason.
- 18.50 **Táknmálfréttir.**
- 18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
- 20.20 **Magni mús** (Mighty Mouse). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
- 20.35 **Lottó framhald**
- 20.40 **Réttan á röngunni.** Gestabrátt í sjónvarpsal. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
- 21.05 **A fertugsaldri** (Thirtysomething). Bandarískur gamanmyndaflokkur um nokkra vini sem hafa þekkt síðan á skólaár-unum en eru nú hver um sig að basla í lífsgæðakapphlaupinu. Svo virðist sem framtíðardraum unglingaráranna verði að engu þegar alvaran blasir við. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 21.55 **Fólkíð í landinu.** Hann er bæjarstjóri, tónlistarmaður, málari og kennari – Finnþóir Hermannsson ræðir við Ólaf Kristjánsson í Bolungarvík.
- 22.15 **Gullstúlkán** (Goldengirl). Bandarísk bíómynd frá 1979. Leikstjóri Joseph Sargent. Aðalhlutverk Susan Anton, James Coburn, Leslie Caron og Curt Jurgens. Myndin fjallar um unga íþróttakonu sem er staðráðin í því að slá í gegn á ólympíuleikum enda virðist hún gædd óvenjulegum hæfileikum. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
- 23.50 **Hundelt þrenning** (Running Scared). Bandarísk sjónvarpsmynd frá árinu 1982. Leikstjóri Paul Glickler. Aðalhlutverk Ken Wahl, Judge Reinhold, Annie McEnroe og John Saxon. Tveir ungir menn eru á heimleið eftir að hafa lokið herþjónustu. Þeir ferðast á puttanum síðasta spólinum ásamt ungri stúlkun sem slæst í hópinn. Brátt verða þau vör við að þeim er veitt eftirlit og eiga fótum sínum fjór að launa. Þýðandi Reynir Harðarson.
- 1.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



- 9.00 **Með Beggu frænku.** Komið þið sæl, öll sömul. Það er aftur kominn laugardagur. Eg ætla að lesa sniðuga og skemmtilega sögu eftir Walt Disney en hann er pabbi Andrésar andar og Mikka músar sem þið þekkið áreiðanlega öll úr teiknimyndunum á kvöldin. Hver veit svo nema það leynist eitthvað í kistunni minni. Við höfum í dag á teiknimyndirnar **Óskaskólinn**, **Snorkana**, **Maju býflugur** og **Tao Tao**. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
- 10.30 **Jógi.** Teiknimynd.
- 10.50 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
- 11.15 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.
- 12.10 **Ljáu mér eyra...** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.
- 12.35 **Lagi í ánn.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum sunnudegi.
- 13.05 **Náin kynni af þriðju gráðu.** Close Encounters of the Third Kind. Eitt af meistaraverkum Stevens Spielberg með hljóð- og tæknibrellum eins og honum einum er lagið. Snilldarlegt handbragð ávann myndinni óskarsverðlaun fyrir kvikmyndatöku. Aðalhlutverk Richard Dreyfuss, Francois Truffaut og Teri Garr.
- 15.15 **Sherlock hin ungi.** Young Sherlock Holmes. Myndin fjallar um fyrstu kynni Sherlock Holmes og vinar hans, dr. Watsons, og fyrsta sakamálið af mörgum sem þeir félagar glíma við. Aðalhlutverk Nicholas Rowe, Alan Cox, Sophie Ward og Anthony Higgins.
- 17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður lítið yfir íþróttir helgarinnar, útslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttfréttum.

- 20.00 **Heimsmetabók Guinness.** Spectacular World of Guinness. Ötrúlegustu met í heimi er að finna í þessari bók. Kynnir David Frost.
- 20.25 **Klassapiur. Golden Girls.** Gamanmyndaflokkur um hressar miðaldra konur sem búa saman á Flórída.
- 20.55 **O'Hara.** Litli, snarpi lögregluþjónninn og gæðablóðin hans koma mönnum í hendur réttvisinnar þrátt fyrir sérstakar aðfarir. Vinsæll spennubáttur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy, Jack Wallace, Catherine Keener og Richard Yriguez.
- 21.45 **Á þöndum vængjum.** The Lancaster Miller Affair. Framhaldsmynd í þremur hlutum. Fyrsti hluti. Frókenin Jessica „Chubbie“ Miller varð heimsfræg þegar hún flaug frá Bretlandseyjum til Austurá. Ekki drógu heldur stormasöm ástarsambönd úr athygli fjölmiðla. Chubbie var borin og barnfædd í Ástralíu en leit hennar að ævintýrum bar hana til Englands. Þar kynntist hún Bill Lancaster, fyrrum flugmanni í breska hernum, en hann dreymir um að verða fyrsti flugmaðurinn sem flýgur frá Bretlandseyjum til Ástralíu. Þeim skóthjúnum tókst að fá til liðs við sig stuðningsmenn og hugumstór leggja þau í flugferðina miklu. En þau eignast keppinaut og öll heimsbyggðin stendur á öndinni. Aðalhlutverk: Kerry Mack og Nicholas Eadie.
- 23.20 **Herskyldan.** Nam, Tour of Duty. Spennubáttaröð um herflokk í Víetnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
- 0.10 **Gullni drengurinn.** The Golden Child. Í þetta sinn tekst Eddie Murphy á hendur ævintýraferð til Tibet. Ferðin er farin til þess að bjarga gullna drengnum sem afvegaleiddur hefur verið af illum öndum. Aðalhlutverk: Eddie Murphy og Charlotte Lewis.

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Hreinn Hjartarson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Góðan dag, góðir hlustendur.** Pétur Pétursson sér um þáttinn.
- 9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi.** Sagan af Héppa eftir Kathryn og Byron Jackson. Þýðing: Þorsteinn frá Hamri. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
- 9.20 **Sigldir morguntónar** – Schubert, Vivaldi, og Tsjajkovski.
- 9.35 **Hlustendabjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
- 9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
- 10.00 **Fréttir.**
- 10.10 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 10.30 **Fólkíð í þinghóltunum.** Fjölskyldumynd eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskarsdóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Flosi Ólafsson, Margrét Ólafsdóttir, Steindór Hjörleifsson og Þórdís Arnfríðsdóttir. Stjórnandi: Jónas Jónasson.
- 11.00 **Tilkynningar.**
- 11.05 **Í líðinni viku.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson.
- 12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 13.00 **Hér og nú.** Fréttabáttur í vikulokinu. Tilkynningar.
- 13.30 **Á þjóðvegi eitt.** Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir og Ómar Valdimarsson.
- 15.00 **Þetta vil ég heyra.** Bergþóra Jónsdóttir fær til sín gest í hljóðstofu sem velur tónlist að sínu skapi. Að þessu sinni Trausti Jónsson veðurfræðingur.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Sumarferðir Barnaútvarpsins.** Umsjón: Örn Ingi. (Frá Akureyri)
- 17.00 **Leikandi létt.** – Ólafur Gaukur.
- 18.00 **Al lífi og sál** – Svífðrekafliug. Erla B. Skúladdóttir ræðir við Örnun Reynisdóttur og Einar Eiríksson um sameiginlegt áhugamál þeirra. Tónlist. Tilkynningar.

HREINSIÐ LJÓSKERIN
REGLULEGA.

DRÖGUM ÚR HRADA!

UMFERDAR
RÁÐ

- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Ábætur.** Svita úr kvikmyndinni Hinrik fimmti eftir William Walton og atriði úr óperettunni Kátu ekkjunní eftir Franz Lehar.
- 20.00 **Sagan.** Ört rennur æskublöð eftir Guðjón Sveinsson. Pétur Már Halldórsson les. (5.)
- 20.30 **Visur og þjóðlög.**
- 21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum)
- 21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Snæbjörg Snæbjarnardóttir og Elin Sigurvinsdóttir syngja lög eftir Eyþór Stefánsson, Jón Björns-son og Einar Markan.
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Dansað með harmonikuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarphúsinu. (Aður útvarpað sl. vetur.) Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 **Dansað í dögginni.** – Sigríður Guðnadóttir. (Frá Akureyri)
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Svolitið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnir.
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



- 8.10 **Á nýjum degi** með Péttri Grétarsyni.
- 10.03 **Nú er lag.** Magnús Einarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Kæru landsmenn.** Meðal efnis er bein lýsing frá leik ÍA og KR í 1. deild karla á Íslandsmótinu í knattspyrnu. Berglind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Hannesson.
- 17.00 **Fyrirmyndaríðir.** Litur inn hjá Lisu Pálsdóttur.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Afram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Síbyllan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
- 0.10 **Út á lífið.** Skúli Helgason ber kveður milli hlustenda og leikur óskalog.
- 2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Svölu Nielsen söngkonu, sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á Rás 1.)
- 3.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
- 4.30 **Veðurfregnir.**
- 4.35 **Næturnótur.**
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 5.01 **Afram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 6.01 **Úr gömlum belgjum.**
- 7.00 **Morgunpopp.**
- 7.30 **Fréttir á ensku.**



- 9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Pétur tekur púlsinn á þjóðféláginu, ætlað meira að segja að kafa pinulítið dýpra. Andleg málefni, og allt þeim skylt, verða til staðar, mannlegt fram úr hófi. Viðtöl við forvitnilegt fólk, tónlist sem allir þekkjast og sem hæfir tiltekinni á laugardegsmorgunum.
- 13.00 **Kristófer Helgason.** Leikir, uppákomur og glens taka völdin á laugardegi. Upphaldslögin og kveður í síma 61 11 11.
- 16.00 **Dreifibýlistónlist.** Páll Þorsteins-son, í kúrestagigvélum og með hatt, leikur nýjstu sveitatónlistina og færir okkur fréttir frá Nashville og víðar.
- 18.00 **Ólafur Már Björnsson.** Laugar-dagskvöldið tekið með trompi. Óskalog og kveður í símunum 68 19 00 og 61 11 11.
- 22.00 **Halþór Freyr** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveður og óskalog á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 3.00 **Næturdagskrá.**
- 9.00 **Sigurður Helgi Hlökkversson.** Fjór- við fóninn. Hress en þægileg tónlist í morgunarsíð.



- 14.00 **Kjartan „Daddi“ Guðbergsson.** Hressilegir þættir þar sem leikin verður ný og gömul tónlist í bland.
- 18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugar-dagskvöldið tekið með trompi. Óskalog og kveður í símunum 68 19 00 og 61 11 11.
- 22.00 **Sigursteinn Músson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveður og óskalog á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 2.00 **Næsturstjórnu.**



- 10.00 **Útvarp Kolaþort.** Bein útsending frá markaðinum í Kolaþorti, lítið á mannliði í miðborginni og leikin tónlist úr öllum átum.
- 15.00 **Al vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. Að þessu sinni eru það vandamál dreifbýlisins.
- 17.00 **Um Rómönsku Ameríku.** Mið-amerikunefndin.
- 18.00 **S-amerísk tónlist.** Ingvi Þór Kristinsson.
- 19.00 **Laugardagur til lukku.** Gunnlaugur og Þór.
- 20.00 **Það erum við.** Unglingabáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
- 21.00 **Síbyllan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
- 23.30 **Rótarðraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**



- 7.00 **Felix Bergsson.**
- 12.00 **Steinnunn Halldórs.**
- 15.00 **Á laugardegi.** Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
- 18.00 **Kiddi Bigfoot.** „Parí – ball.“
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
- 3.00 **Nökkvi Svavarsson.**



- 4.30 **The Flying Kiwi.** Ævintýrasería.
- 5.00 **Poppþáttur.**
- 6.00 **Gríníðjan.** Barnaþættir.
- 10.00 **Íþróttabáttur.**
- 11.00 **Fjölbrogðaglima.**
- 12.00 **A Case for PC 49.** Kvikmynd.
- 14.00 **Sara.** Ævintýraflokkur.
- 15.00 **50 vinsælustu lögin.**
- 16.00 **Litil kraftaverk.** Gamanþáttur.
- 16.30 **The Bionic Woman.** Spennu-myndaflokkur.
- 17.30 **Those Amazing Animals.**
- 18.30 **The Love Boat.** Gamanmynda-flokkur.
- 19.30 **Hysteria.** Kvikmynd.
- 21.30 **Fjölbrogðaglima.**
- 22.30 **Poppþáttur.**



- 15.00 **The Mystery of the Million Doll-** ar Hockey Puck.
- 17.00 **Off Beat.**
- 19.00 **Patton.**
- 21.50 **Highlander.**
- 23.45 **Return of the Living Dead.**
- 01.15 **Dagmar's Hot Pants.**



- 9.30 **Hornabolti.** Valin atriði úr leik í amerísku deildinni.
- 10.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 11.30 **Rugby.** Spennandi keppni úr áströlsku deildinni.
- 12.30 **Golf.** British Open.
- 15.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
- 17.00 **Trans World Sport.** Íþróttarfréttir víðs vegar að.
- 18.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
- 20.00 **Golf.** British Open.
- 22.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 9.00 **Tónlist og tiska.**
- 10.00 **Tourist Magazine.** Ferðabáttur.
- 10.30 **Tónlist og tiska.**
- 11.00 **Hollywood Insider.**
- 11.30 **Tónlist og tiska.**
- 12.00 **Flame Trees of Thika.**
- 13.00 **Flying High.** Gamanþáttur.
- 14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestri.
- 14.30 **Tónlist og tiska.**
- 15.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.
- 15.30 **Evrópulístin.** Poppþáttur.
- 16.30 **Íþróttir.**
- 17.30 **Tiskubáttur.**
- 18.00 **Blood on the Sun.** Kvikmynd.
- 20.00 **Taggart.**
- 20.55 **Roving Report.** Fréttaskýringa-þáttur.
- 21.30 **Projected Man.** Kvikmynd.

Laugardagur 22. júlí



Hanna Salómundsdóttir og Elísabet Sveinbjörnsdóttir leiða saman hesta sína í Réttunni á röngunni í Sjónvarpinu í kvöld.

Sjónvarp kl. 20.40:

Réttan á röngunni

Spurningaleikir og þrautir allra handa eru yfirleitt með vinsælasta sjónvarps- og útvarpssefni sem um getur. Kannski ekki furða þar sem áhorfendur eða hlustendur heima í stofu geta látið ljós sitt skína á kostnað keppendanna í sjónvarpsal eða útvarps.

Þættirnir miða jafnan við kunnáttu keppenda á einhverju ákveðnu sviði, mismarkilegu. Svo er ekki um Réttuna á röngunni, gestaþraut Sjónvarpsins á laugardagskvöldum. Þar reynir fyrst og fremst á minni ein-

staklinganna þegar þeir reyna að finna samstæðurnar sem leikurinn grundvallast á. Einnig reynir á hæfileikann að búa til orð úr bókstöfum sem valdir voru af handahófi.

Í þættinum í kvöld keppa tvær konur, Elísabet Sveinbjörnsdóttir og Hanna Salómundsdóttir, fulltrúar fóstara og félagskapparins Delta kappa gamma. Þær ætla að keppast um að finna sem flestar samstæður úr trúarbrögðunum. Umsjónarmaður þáttarins er Elísabet B. Þórisdóttir.

Stöð 2 kl. 21.45:

Á þöndum vængjum

Ný þriggja þátta þúsúrífa hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Hún hefur hlotið heitið Á þöndum vængjum, gerist á þriðja áratugnum og greinir frá sannsögulegum atburðum úr lífi Jessíu „Chubbie“ Miller.

Jessica þessi hélt frá heimalandi sínu, Ástralíu, á vit ævintýranna í Englandi. Þar kynntist hún flugmanninum Bill sem er haldinn sömu ævintýraþrá. Hann dreymir um að verða fyrsti maðurinn til að fljúga frá Bretlandi til Ástralíu. Chubbie hvetur hann til dáða og saman leggja skótu-

hjúin upp í hina háskalegu ferð.

Myndin lýsir ferð þeirra Chubbie og Bills og afdrif- um þeirra við ferðalok. Þrátt fyrir náin tengsl á ferð og flugi yfir heimsálfurnar gat ástarsamband þeirra aldrei orðið opinbert þar sem Bill var giftur.

Í kvöld verður fyrsti þáttur myndaflokksins sýndur en framhaldið síðan á mánuðag og þriðjudag. Aðalhlutverkin eru leikin af þeim Kerry Mack og Nicholas Eadie. Leikstjóri þáttanna er Henri Safran.

Sjónvarp kl. 22.15:

Gullstúlkán

Ástir og æsispena haldast í hendur í Gullstúlkunni, amerískri sjónvarpsmynd frá 1979. Stúlkán, sem um ræðir, er 185 sentimetrar há, með eindæmum glæsileg og frábær íþróttakona. Almennt er talið að hún muni krækja sér í þrenn gullverðlaun og auglýsinga-samninga upp á tugi milljóna.

Bakhjarlar stúlkunnar orða það við umboðsmann nokkurn, Dryden að nafni, að hann taki stúlkuna undir verndarvæng sinn. Hann er að vonum hrifinn af hæfni stúlkunnar á íþróttavellinum en kemst fljótt að því að sitthvað er gruggugt á þeim

bænum. Stúlkán er nefnilega tilraunadýr í vísindar- annsóknunum föður síns. Yfirburðir hennar eru því heimatilbúinir.

Dryden verður engu að síður ástfanginn af stúlkukindinni en þegar hann ætlað að rétta henni hjálparhönd er allt um seinnan. Enginn hlustar á aðvaranir hans, stúlkán skal keppa, ekkert má koma í veg fyrir velgengi hennar.

Susan Anton leikur gullstúlkuna með þokka og James Coburn umboðsmanninn. Stjórnandi herlegheitanna er Joseph Sargent. Maltin segir lala og gefur tvær stjörnur.

Rás 1 kl. 21.00:

Slegið á léttari strengi

Inga Rósa Þórðardóttir á Egilsstöðum slær á léttari strengina á rás 1 á laugardagskvöldum. Í þætti sínum tekur hún á móti gestum og ræðir við þá um áhugamál þeirra og ýmislegt fleira á léttu nótonum. Oftar en ekki taka gestirnir með sér hljóðfæri og leika nokkur lög, sín eigin og annarra. Nú, og stundum segja þeir léttar sögum af sjálfum sér

og öðrum og rifja upp skemmtileg atvik úr eigin lífi.

Gestur Ingu Rósu í kvöld er Magnús Guðmundsson í Neskaupstað. Hann hefur margvísleg áhugamál, fæst meðal annars við fuglaskoðun. Magnús hefur líka starf- að um árabíl með áhuga- leikfélögum og kann mikið af skemmtilegum sögum.